

Mynd 1

Að sitja fastur í fegurðinni

Mynd 2

Fjalladrottning, móðir mín!
mér svo kær og hjartabundin;
sæll ég bý við brjóstin þín,
blessuð aldna fóstura mín!
Hér á andinn óðul sín
öll, sem verða á jörðu fundin.
Fjalladrottning, móðir mín,
mér svo kær og hjartabundin!

Þannig hefst ljóðið Sveitin mín eftir Sigurð Jónsson á Arnarvatni.

Þetta er lýsandi fyrir þann hug sem við berum til landsins og náttúrunnar. Hvar sem við erum fædd og uppalin er landið, sveitin okkur svo mikilvæg, því eins og segir í kvæðinu: „Hér á andinn óðul sín / öll, sem verða á jörðu fundin.“ Það er ekkert sem hleður andlegu batteríin eins og samvistir við náttúruna. Skiptir eingu máli hver líkamleg geta okkar er, snertingin við náttúruna og útiloftið er það besta – Ekkert hlaupabretti, eða lóða lyftingar – komast ekki í hálfkvisti við náttúruna.

Það ættu allir sem búa í þéttbýli að fara í a.m.k. eina útilegu á ári í eina til tvær vikur. Auðvitað er sumarið hentugast til þess, en ekki forsóma vorin eða haustin með berjunum og síðar allri litadýrðinni! Sumarbústaðardvöl um miðjan vetur er engu lík, eiginlega sama hvert veðrið er. Notalegheitin og rómantíkin við kertaljósinn inni, snjókast undir stjörnuþjörtum himni, eða að renna sér í brekkunum, að ekki sé talað um að þeysast á snjósleða upp um jökla.

Það eru ekki allir í standi til að fara í tjaldútilegu, eða yfirleitt að fara úr alfaraleið án aðstoðar. Hér er því komið frábært verkefni fyrir ferðaþjónustuna um allt land. Undanfarið hefur einna mest verið talað um menningartengda ferðaþjónustu og síst skyld maður vanmeta hana, en hún er líka tilvalinn sem þjónusta aðgengileg öllum! Sögusetrið á Hvollsvelli gott dæmi og þær ferðir sem síðan er hægt að fara um sjálft sögusviðið. Slíkum, eða sambærilegum söfnum hefur verið komið á fót í flestum sveitum sem hafa mikla sögu en betur má ef duga skal. Einkum hvað varðar **aðgengi fyrir alla**: Dyr eru gjarna of þröngar, safnið á tveim hæðum (án lyftu) og salernisaðstaða aldeilis ófullnægjandi. Allt eru þetta þættir sem hægt væri að komast hjá, ef rétt hugarfar er í upphafi og um fram allt ef menn leita sér upplýsinga áður en farið er í framkvæmdir.

Mynd 3

Oft er nóg að planta sér út í náttúruna og bara njóta ylmsins, útsýnisins, fuglasöngs og annara hljóða úr náttúrinni. En því miður er það ekki alltaf svo auðvelt. Hvers konar hreyfihömlun kemur í veg fyrir að maður komist eftir gljúpum sandi eða yfir hina „íslensku þúfu“, sem annars er svo „sjarmerandi“ með sína mjúku mosapembu og sitt fagra smáblómaskart, að ekki sé minnst á mófuglahreiðrin.

Á undanförunum árum hefur gistirými aðgengilegt öllum fjölgað til muna og er svo komið að hreyfihamlaðir geta fundið aðgengilegt gistirými í öllum landsfjórðungum, en betur má ef duga skal. Eins og úttekt Þórunnar Eddu síðstliðið haust fyrir Ferðaþjónustu bænda sýndi.

Hreyfihamlaðir eru í öllum fjölskyldum og það er blóðug fyrir fjölskylduna að þurfa að skilja einhvern eftir þegar farið er í ferðalagið vegna þess að ekki er hægt að finna aðstöðu fyrir hann eða hana. Þetta á ekki bara við um gistinguna, heldur

engu síður um þá afþreyingu sem fjölskyldan hyggst stunda í fríinu. Sem dæmi má taka snjósleðaferðirnar sem er boðið upp á víða. Fyrir allmörgum árum kynntist ég þeim á Snæfellsjökli og fór upp með þeim Stapafeðgum og félögum. Algerlega ógleymanleg ferð, sem var svo endurtekin u.þ.b. ári síðar. Þessi jákvæða reynsla var ekki hvað síst fyrir þá afstöðu þeirra sem sáu um ferðirnar. Hvernig þeir aðstoðuðu með virðingu fyrir þeim sem þurftu aðstoð, hvorki of né van. Hver fékk að reyna sig eftir sinni getu.

Það er mikilvægt að hver sem vill veita öllum þjónustu geti fengið leiðbeiningu við hæfi. Nokkuð sem félög fatlaðra ættu að geta veitt, ef vel ætti að vera.

Bjarta veiðivatnið þitt
vefur sig um hól og flúðir
Einkunn þín, og athvarf mitt
- ódauðlega hjartað þitt! -
Þar sem kringum kotið sitt
kvaka og synda steggir þrúðir.
Bjarta veiðivatnið þitt
vefur sig um hól og flúðir.

Mynd 4

Þannig hljóðar fjórða erindið í kvæðinu hans Jóns á Arnarvatni. En mín uppáhalds iðja í náttúrinni er stangveiði.

Sumarið, 1982 eða 1983 var ég að vinna til 5, alla virka dag. Eftir vinnu skuttlaðist ég heim. Smurði nokkra brauðsneiðar og lagaði kaffi á brúsa og geystist upp að Kleifarvatni. Þetta sumar var hátt í vatninu og ég gat ekið alveg niður að vatni (var nær alltaf við syðri endann) og var búinn að finna það hart undirlag að hægt var að fara í hjólastólnum alveg niður að vatsborðinu. Þarna sat ég svo vel fram eftir kvöldi með stöng í hendi og naut fegurðarinnar í

kring: litirnirn eru stórkostlegir þarna og fuglalíf mjög auðugt. Sem betur fór veiddi ég yfirleitt lítið eða ekkert svo ekki var mikið um dráp af minni hálfu. Enda var það útiveran og fegurðin í kring sem heillaði mig.

Fluguveiði er mitt sport og ég reyni að komast í veiði nokkra daga á sumri, en það er ekki alltaf svo auðvelt. Kleifarvatn er ekki svipur hjá sjón og Elliðavatn?

Mynd 5

Þar er þessi fína salernisaðstaða og hefur verið gerður göngustígur niður að bryggju út í Helluvatnið sem er nyrst í Elliðavatni, en algerlega ónýtir!! Því hrossum er leyft að fara þar um í vorleysingunum og gereyðileggja þeir stígana.

Eins og menn vita er 1.maí fyrsti veiðidagur í Elliðavatni ár hvert. Og þarna hef ég setið fastur 1. maí síðustu tvö eða þrjú ár, svo ég hef næstum misst af Fyrsta-maí-göngunni!

Sú sveit sem er í hvað mestu upphaldi hjá mér er Snæfellsnes, eins og það leggur sig og fer ég þangað helst árlega.

Mynd 6

Það var fyrir nokkrum árum að ég skrönglaðist vestur með tjaldvagn í eftirdragi. Ók niður að Görðum eða gistiheimilinu Langaholti og fékk að tjalda á tjaldstæðinu þeirra, frábæra niður við sjávarkambinn. Þetta hefði verið ómögulegt, ef ekki hefði verið fyrir þau heiðurshjón Svövu og Símon, sem þarna ráða húsum. Ég fékk að heimsækja þau á hverju kvöldi til að komast á aðgengilegt salerni og fá uppbyggilegt spjall í eldhúsinu fyrir nóttina.

Eftir nokkra daga var kjörið að skella sér í veiði. Þarna eru nokkur veiðivötn sem selt er í og nú var bara að ná sér í veiðileyfi og það var gert. Ég var búinn að sjá út þessa fínu fjöru sem hægt var að keyra niður í og það gerði ég.

Mynd 7

Þetta var sandfjara og virtist nokkuð þéttur sandurinn. Þegar ég var kominn á þann stað sem ég ætlaði að veiða frá, snaraði ég hjólastólnum út og sveiflaði mér í hann og Úbbs!! Stóllinn sökk um 20 sm niður í sandinn og það var með herkjum að ég komst aftur inn í bílinn.

Þar sem verið er að selja veiðileyfi er líka kjörið að athuga hvort ekki sé líka hægt að gera þar aðstöðu fyrir alla. Margur eldri veiðimaðurinn yrði þakklátur að geta komist í veiði þó ganglimirnir séu farnir að gefa sig auk þess sem auðveldara væri að kenna börnunum að njóta þessarar göfugu iðju.

Ég ætla svo að enda þetta með 6. erindi kvæðisins Sveitin mín:

Mynd 8

Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga!
Engið, fjöllin, áin þín
- yndislega sveitin mín -
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga!